

Þýska undrið, auðvaldið og Adolf Hitler 13: Stríðsglæpir og fjöldamorð

Það er stundum erfitt að átta sig á því, hvað átt sé við, þegar fjallað eru um stríðsglæpi Þjóðverja. Stundum er í raun fjallað um glæpi bandamanna þeirra eins og Úkraínumanna. Það gætir vissulega tvöfeldni í viðhorfum gagnvart þeim eins og Þýskum nasistum á Vesturlöndum, sbr. hyllingu úkraínskra morðingja í kanadíska þinginu, og hollustu Vesturlandabúa við úkraínska Gyðinganasista um þessar mundir.

Tvöfeldnin var blygðunarlaus, þegar Galísíu herdeildum Úkraínumanna, fleiri þúsundum manna, voru gefin grið, og sett undir vernd breska hersins. Þessi hersveit var ábyrg fyrir Huta Pieniacka fjöldamorðunum 1944, þar sem mörg hundruð Pólverja voru myrt.

Fjöldi þeirra hryllilegu fjöldamorða, sem Þjóðverjar eru sakaðir um, eru ekki síður á ábyrgð bandamanna þeirra um alla Evrópu, stundum með þátttöku Gyðinga sjálfra. Fyrirnefnd hersveit Úkraínumanna myrti t.d. rúma eina milljón Gyðinga, að því að talið er, hundruð þúsunda Pólverja, aragrúa eigin landsmanna, Rússa og Hvít-Rússa. (En eins og bent hefur verið á, eru tölur mjög á reiki og óáreiðanlegar.)

Þýsk fyrirtæki, þar á meðal þau, sem fjármögnuð voru af auðmönnum meðal Gyðinga í Bandaríkjunum, tóku eignarnámi eigur og fyrirtæki Gyðinga í Póllandi og Úkraínu í kjölfar ofsókna og drápa. Það sama átti sér stað í Rússlandi.

Í grein sinni um hersveitir Þjóðernissinna í Úkraínu (Organization of Ukrainian Nazis), segir fræðimaðurinn, Hugo Turner:

„Gyðingar voru barðir til dauðs með járnstöngum. Pólverjar voru höggðir í spað með öxum og sagaðir í tvennt. Úkraínski Þjóðernisherinn skemmti sér við að niðurlægja fórnarlömb sín og pynta til dauða. Rússarnir voru stundum húðflettir.“

Það er væntanlega almælt, að úkraínsku hersveitirnar hafi unnið með Þjóðverjum og meira að segja orðið hluti hers þeirra í Póllandi og Úkraínu, þ.e. Galísíu herfylkið. En færri vita, að þeir hafi líka átt samvinnu við bresku leyniþjónustuna, MI6 og OSS, hernaðarleyniþjónustu Bandaríkjanna. Hún var síðar endurmótuð samkvæmt þýsku leyniþjónustunni og kölluð Central Intelligence Agency (CIA). Hvorki MI6, né CIA slepptu tókunum á úkraínsku samfélagi, að stríði loknu.

Það er kaldhæðni örlaganna, að nú séu það Pólverjar og Ísraelsmenn, sem styðja dyggilega við bakið á (rússneska) Gyðingnum, Volodymyr Olesandrovych Zelensky, og

Þjóðernisofstækisstjórn hans, sem Vesturlönd, með Leyniþjónustu Bandaríkjanna í fararbroddi, kom í valdastóla. Aðalbakhjarl hans er úkraínskur Gyðingur með ísraelskan ríkisborgararétt.

Grimmdaræðið helltist sömuleiðis yfir Lithaugamenn (Litháa). Þegar þýsku hersveitirnar héldu inn í Kaunas, skammt frá Vilnius, urðu þýskir hermenn vitni að slátrun Gyðinga með ýmis konar bareflum. Aðalmorðinginn var kallaður „Maðurinn með ljáinn“ (Death Dealer). Honum var klappað lof í lófa af áhorfendaskaranum.

Þýski herforinginn, Lothar William Mordian Freiherr von Bischoffshausen (1897-1970), lýsti þessum viðbjóði svo:

„Þegar ég innti fólk eftir, hvað væri á seyði, var mér sagt, að „Maðurinn með ljáinn“ í Kaunas væri að störfum og að hann myndi sjá til þess, að allir „svikarar og samsærismenn“ fengju refsingu við hæfi fyrir „svik sin.“ Þegar ég kom nær varð ég vitni að grimmd, sem í engu líktist því, sem ég hafði séð í stríðsátökum í báðum heimstyrjöldunum.“

Í uppnáminu í rússneska keisaradæminu eftir Október byltinguna 1917, lýstu úkraískir þjóðernissinnar yfir sjálfstæði. Yfirhershöfðingi ríkisins var Symon Petliura (1879-1926). Hann er m.a. þekktur fyrir dráp á 50 til 60.000 Gyðingum, og fjölda Rússa.

Rússneski hershöfðinginn, Anton Ivanovich Denikin (1872-1947), var annar morðingi á þessum skelfilega vígvelli, drap fólk eins og flugur. Honum var mjög í mun að berja á Ráðstjórnarríkjunum og úkraískum aðskilnaðarsinum. Þokkapiltarnir, Anton og Symon, gerðu með sér bandalag.

Úkraínsku fasistana dreymdi um sinn eigin leiðtoga, „providnyk“ eða „Vozhud.“ Í draumi þeirra fólst hreint ríki eins og ísraelsk stjórnvöld hafa unnið að í Palestínu/Ísrael.

Pólsk-þýski sagnfræðingurinn, Grzegorz Rossolinski-Liebe, hefur gefið út fróðlega bók um efnið: „Stephan Bandeira: Líf og endurlífgun úkraínskra þjóðernissinna: Fasismi, þjóðarmorð og dýrkun“ (Stephan Bandera. The Life and Afterlife of a Ukrainian Nationalist: Fascism, Genocide, and Cult).

Það er engu líkara en að morðæði hafi farið eins og logi um akur í Austur-Evrópu um það bil frá áttunda áratugi nítjándu aldar. Trúlega hefur það losnað úr læðingi við umrót, uppþot og uppreisnir í rússneska keisaradæminu. Innrásir stjórnvalda í Ráðstjórnarríkjunum og Þýskalandi í Pólland og Lithaugaland voru eins og olía á eld.

Morðsvall hermanna, skæruliða og almennings, var skelfilegt. Þjóðverjar voru fráleitt einir um hituna. Bresk-pólski sagnfræðingurinn, Ivor Norman Richard Davies, bendir t.d. á verulega hlutdeild Gyðinga sjálfra í leynilögreglusveitum Ráðstjórnarríkjanna.

Þjóðverjar og bandamenn þeirra í Úkraínu, Lithaugalandi, Búlgaríu, Rúmeníu, Slóvakíu, Serbíu og víðar, frömdu hryllileg fjöldamorð. Gyðingar voru fjölmennastir meðal fórnarlamba.

Þessi fjöldamorð eru umtöluð: Morð Úkraínumanna á Pólverjum í Galisíu og Huta Pieniacka. Fórnarlömb gætu hafa verið um 100.000, að mestu leyti konur og börn; dráp Úkraínumanna og Þjóðverja á Gyðingum í Lviv. Þar voru hefndar- eða drápssveitir Þjóðverja að verki (Einsatzgruppen). Tala fórnarlamba er óljós, en þau skiptu þúsundum; fjöldamorðin í Kænugarði framin af Úkraínumönnum og Þjóðverjum (Babi Yar). Fórnarlömbin kynnu að hafa verið á annað hundrað þúsund; Odessa morðin á Gyðingum voru framin af Rúmenum og Þjóðverjum. Um 50.000 féllu í valinn.

Það er eftirtektarvert, að Bandamenn skyldu halda hlífiskildi yfir verstu stríðsglæpamönnum Úkraínumanna, Eista, Letta, Lithaugamanna og Þjóðverja, sem þátt tóku í þessum óhugnaði. Kanandamenn, Bandaríkjamenn og Bretar buðu þá velkomna þúsundum saman. Þeirra á meðal voru Michael Karkoc (1919-2019- BNA) og Serhij Woronyj (Lundúnum). Woronyj tók líka þátt í að brjóta uppreisnarmenn í Varsjárgettóinu á bak aftur. Talið er, að þar hafi um 200.000 verið drepnar.

Morðæði var nú reyndar ekki nýtt af nálinni í Evrópu, þar sem Gyðingar komu við sögu, t.d. í hryllilegum ofsóknum á hendur þeim í Strassborg í febrúar 1349, þegar svartí dauðinn herjaði um álfuna. Sagan/þjóðsagan segir, að um tvær þúsundir Gyðinga hafi verið brenndir lifandi. Þjóðverjar sökuðu Gyðinga um að hafa eittrað vatn í brunnum þeirra. Önnur skýring er sú, að Þjóðverjar hafi viljað losna undan skuldaþjón þeirra. Þær gætu verið fleiri.

Það fer ekki milli mála, að Þjóðverjar ástunduðu glæpsamlegan hernað. (Það er nú reyndar allur hernaður.) Má þar nefna fjölðaftökur andstæðinga, Gyðinga og aðra, árásir á óbreytta borgara og skelfilegar hernaðaraðgerðir eins og t.d. þegar tékkneskum skæruliðum, sem drápu SS foringjann Reinhard Heydrich, var drekkt í kjallara dómkirkjunnar í Prag, árið 1942. Eins og það væri ekki nóg voru gerðar árásir á þorpsbúa.

Það mætti halda, að Þjóðverjar hefðu sótt námskeið í þess háttar refsihernaði hjá Bretum. Þetta eru einmitt aðferðir, sem þeir m.a. beittu í Palestínu, t.d. á íbúa í þorpinu, al-Bassa. Þar þvinguðu þeir þorpsbúa upp í rútu, sem sprengd var í loft upp.

Ísraelar hafa tamið sér þetta, ekki síður en Þjóðverjar í annarri heimstyrjöldinni. Fjöldarefsingar hafa meira að segja fengið þar nafn, „Dahiya refsing,“ eftir árás flughers þeirra á Dahiya í Beirut 2006. Gadi Eizenkot, hershöfðingi, lét þau boð út ganga, að svo færi fyrir fleiri þorpsbúum, sem Ísraelum þætti sér stafa ógn af.

Verðskulda Þjóðverjar verri útreið en aðrar þjóðir fyrir sams konar glæpi, t.d. glæpi Bandamanna sjálfra? Bretar og Bandaríkjamenn gerðu t.d. eldsprengjuárásir á þýska borgara til að deyfa baráttugleði þeirra, t.d. í Hamborg og Dresden, þar sem flóttamenn höfðu flúið undan Rauða hernum. Þessi voðaverk kynnu að hafa kostað tæpa hálfa milljón óbreyttra borgara lífið. En tölur eru á reiki.

Í heildina drápu Bandamenn um eina milljón almennra, þýskra borgara, í kerfisbundnum loftárásum. Var það tortímingarherferð? Þess má geta, að Þjóðverjar svöruðu í sömu mynt, drápu trúlega um fjórðung milljónar.

Framferði hershöfðingja Ráðstjórnarríkjanna undir lok stríðsins er bókstaflega skelfilegt. Rauði herinn fór myrðandi, nauðgandi, rænandi og ruplandi um Þýskaland. Talið er að tæpum tveim milljónum þýskra kvenna hafi verið nauðgað.

Sérstaklega svívirðileg var árásin á farþega- og lystiskipið, Wilhelm Gustloff í janúar 1945. Þeir drektu þar 9.343 flóttamönnum á flóttu undan Rauða hernum.

Bandaríkjamenn létu sig ekki muna um að grilla 140.000 japanska borgara í kjarnorkusprengju.

Sjálfir drápu Bandamenn eigin þegna í hrönnum, t.d um 60.000 Frakka. Svipaðan fjölda Gyðinga drápu úkraínsku nasistarnir, undir forystu Symon Petliura, krýndri hetju Úkraínumanna.

Bretar voru líka iðnir við kolann í nýlendum sínum, þar sem þeir „báru byrði hvíta mannsins,“ þ.e. aðra kynþætti. Í Bengal seltu Bretar undir forystu Winston Churchill þrjár milljónir Bengala, meðan Þjóðverjar og Rússar drápu Gyðinga í Evrópu. Hann svalt sömuleiðis þúsundir Þjóðverja til dauða, eftir lok fyrri heimstyrjaldar.

Í lok stríðsins voru þýskir hermenn teknir til fanga þúsundum saman. Bandaríski „Þjóðverjinn,“ Dwight David (Ike) Eisenhower (Eisenhauer), hershöfðingi, síðar forseti Bandaríkja, lét reka þá í gaddavírsdílka í fangabúðum undir beru lofti

(Rheinwieslager – Rhine-Meadow Death Camps). Þar dó rúm milljón þeirra (líklega 1.2 milljónir) úr sulti, vosbúð og sjúkdómum. Það er kannski ekki að ósekju, að hann hafi fengið viðurnefnið „skelfilegi sænski Gyðingurinn.“

Eisenhower er einn þeirra ráðamanna, forseta, sem Gyðingaaudjöfrarnir (Bernard Baruch) höfðu í taumi. Honum var – eins og Henry Morgenthau, fjármálaráðherra, í nöp við Þjóðverja. (Sbr. bók James Bacque: Crime and Mercies. The Fate of German Civilians under Allies Occupation 1944-1950).

Eisenhower er einnig ábyrgur fyrir „Aðgerð kjöldrætti“ (Operation Keelhaul), þar sem tvær milljónir flóttamanna og stríðsfanga frá Ráðstjórnarríkjunum voru gerðir afturreka með valdi. Þeir, sem ekki voru teknir af lífi, voru sendir í fangabúðir í Síberíu (Gulag). Þessi gjörningur var liður í samkomulagi stórmennanna þriggja, sem skiptu á milli sín veröldinni í Yalta 1945. Um það segir Homer Earl Capehart (1897-1979), þingmaður, ári síðar:

„Eftir að stríðinu lauk, hafa um þrjár milljónir manna, að mestu leyti konur, börn og öldungar, verið drepnar í Austur-Þýskalandi og Suðaustur-Evrópu. Um fimmtán milljónir hafa verið fluttar nauðungarflutningum eða reknar af bújörðum sínum, nú flóttamenn. Um fjórðungur þessa fólk hefur dáið drottni sínum. Um það bil fjórar milljónar karla og kvenna hafa verið sendar til Austur-Evrópu sem þrælar. Svo virðist sem útrýming Þjóðverja í Austur-Evrópu, að minnsta kosti fimmtán milljónum þeirra, hafi verið skipulögð í samræmi við ákvarðanir í Yalta.“

Svo má spyrja, hvort trúarbrögð fórnarlambanna skipti máli? Miklu fleiri Kristmönnum var slátrað en Gyðingum. Má þá einu gilda, hvaða tölur eru lagðar til grundvallar. Það eru mörg fjöldamorðin í seinni tíma sögu, þar sem Gyðingar hafa ekki verið fórnarlömb.

Í stríði Frakka gegn Algeríumönnum var um tíunda hluta þeirra fargað, þ.e. upp undir 1.5 milljón Múhameðstrúarmönnum; í stríði Tyrkja (Ottomana) og Armeníumanna var rúm milljón Kristmanna drepin.

Ef við lítum okkur nær, lætur nærri að Bandaríkjamenn hafi drepit u.þ.b. 6 milljónir karla, kvenna og barna, í alheimsstríði sínu gegn hryðjuverkamönnum, sem þeir hrundu af stað í kjölfar árásar á tvíburaturnana 2001.

(Bandaríski blaðamaðurinn, Deanna Spingola hefur skrifað fróðlega bókaröð um heimsveldisstefnu. Sú fyrsta er: „Yfirráðaúrvalið: Skoðun á heimsvaldastefnu,

þjóðarmorði og frelsun“ (The Ruling Elite; A Study in Imperialism, Genocide and Emanicipation).

<https://rarehistoricalphotos.com/hitler-reacts-kiss-woman-1936/>